



## Minnisblað

Dagsetning: 24. nóvember 2021  
Höfundur: Sigríður Haraldsd. Elínardóttir og Dóra Guðrún Guðmundsdóttir  
Viðtakandi: Ásthildur Knútsdóttir, skrifstofustjóri heilbrigðisráðuneytinu  
Málsnúmer/skjalalykill: 2110127/5.6.0

## Efni: Heilsa og líðan Íslendinga – ósk um framtíðarfjármögnun

Rannsóknin [Heilsa og líðan Íslendinga](#) (H&L) hefur fest sig í sessi sem mikilvæg uppspretta upplýsinga um heilsufar, líðan, lífsgæði og lifnaðarhætti fullorðinna Íslendinga.



Niðurstöður rannsóknarinnar hafa nýst embætti landlæknis, stjórnvöldum, háskólasamfélaginu og öðrum sem koma að mikilvægum ákörðunum er varða heilsu og velsæld landsmanna. Gögn H&L eru og verða áfram notuð af embætti landlæknis til útreikninga [lýðheilsuvísa](#), til greiningar á [ójöfnuði í heilsu og lifnaðarháttum](#) og til vísindarannsókna. Ýmis rannsóknarteymi nýta gögnin til greiningar á íslensku samfélagi og eru þau mikilvægt framlag til þekkingarsköpunar. Á hverju ári afhendir embættið fjölmörg gagnasett úr

H&L til vísindamanna og eru rannsóknir sem byggja á gögnum H&L komnar á annað hundrað.

Rannsóknin hefur verið framkvæmd á fimm ára fresti frá árinu 2007, nú síðast 2017. Fimmta fyrirlögn H&L er fyrirhuguð haustið 2022 og er undirbúningur hafinn. Embættið stýrir rannsókninni, fyrirlögn, gagnavinnslu, gagnagreiningu og miðlun gagna til vísindarannsókna. Spurningalistar eru lagðir fyrir 10.000 manna úrtak 18 ára og eldri. Stefnt er að því að rafræn fyrirlögn verði megin aðferðin við gagnasöfnun árið 2022. Úrtak er lagskipt, hlutfallslega fleiri eldri íbúar og fólk utan af landi eru í úrtakinu en með því móti aukast möguleikar á að greina breytileika eftir aldri og búsetu. Svarhlutfall 2017 var tæplega 70%. Við framkvæmd rannsóknar 2022 verður þess sérstaklega gætt að ná betur en áður til íbúa af erlendum uppruna, bæði með því að hafa spurningalistann á fleiri tungumálum en íslensku (a.m.k. ensku og pólsku) og laga úrtak og framkvæmd að þessum hópum. Það er ljóst að umtalsverður hluti fólks sem býr hér á landi getur ekki svarað spurningalista á íslensku og vísbendingar eru um að lifnaðarhættir þeirra séu frábrugðnir þeim sem svara listanum á íslensku. Brýnt er að ná einnig til þeirra til þess að fá nákvæmari mynd af heilsu, líðan og heilsuhegðun þeirra sem búa á Íslandi til að geta greint stöðuna betur og unnið markvissara starf þegar kemur að heilsuefningu og forvörnum. Þetta mun leiða til aukins kostnaðar fyrir framkvæmd rannsókna.

Undirbúningur rannsóknar er unnin af starfsmönnum embættisins á heilbrigðisupplýsinga-sviði og lýðheilsusviði. Ytri kostnaður vegna rannsóknar var um 14 m.kr. árið 2017. Gert er ráð fyrir að kostnaður vegna rannsóknarinnar á næsti ári verði nær 20 m.kr.

Rannsóknin Heilsan og líðan Íslendinga hefur aldrei verið fjármögnuð sérstaklega. Í ljósi mikilvægis hennar við vöktun lýðheilsu og lifnaðarháttanna hefur embættið reynt að finna fjármuni innan síns rekstrar til þess að standa straum af henni. Nú er hins vegar ljóst að embættið mun ekki hafa svigrúm innan síns fjárhagsramma til þess að leggja út fyrir ytri

kostnaði rannsóknarinnar árið 2022. Skýringar á því hafa verið kynntar ráðuneytinu og skýrast einkum af því að verkefni embættisins hafa vaxið mjög án þess að fjármagn hafi fylgt.

**Óskar embættið því hér með eftir stuðningi heilbrigðisráðuneytis við að fjármagna rannsóknina til framtíðar þannig að hægt sé að leggja hana áfram fyrir á fimm ára fresti.**

Það er brýnt að Íslendingar framkvæmi könnun sem þessa með reglubundnum hætti líkt og nágrannalönd okkar. Þannig má fá yfirsýn yfir stöðuna hverju sinni, fylgjast með breytingum yfir tíma og meta áhrif lýðheilsuatburða á borð við COVID-19 faraldurinn.

Að tryggja fjármagn til að framkvæma rannsóknina Heilsa og líðan Íslendinga samræmist vel einni af helstu áherslum þingsályktunar um lýðheilsustefnu til ársins 2030, þ.e. að „Efla skuli vísindarannsóknir á sviði lýðheilsu með markvissum hætti“. Í stefnunni er einnig tekið fram að mikilvægt sé að tryggja fjármagn til vísindarannsókna á sviði lýðheilsu, bæði til að auka þekkingu á áhrifaþáttum heilbrigðis sem og til að meta árangur af lýðheilsustarfi.